

Borgarráð

Álagningarhlutfall útsvars tekjuárið 2018

Lagt er til að borgarráð samþykki að álagningarhlutfall útsvars tekjuárið 2018 verði 14,52%.

Greinargerð:

Tillagan byggir á 23. og 24. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum. Áætlað er að Reykvíkingar greiði 81,9 milljarða í útsvar á árinu 2018 og að 9,7 milljarðar af útsvarsgreiðslum fari í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þar af fara um 2,4 milljarðar til útgjaldajöfnunar annarra sveitarfélaga. Tillagan felur í sér óbreytt álagningarhlutfall frá tekjuárinu 2017 og þarfnast ekki frekari skýringar.

Forsendur áætlunar:

Tvær mikilvægustu forsendur áætlana um útsvarstekjur eru þróun launavísitölu og vinnumagns. Övissa þessara forsenda er töluverð, enda birtir Hagstofan ekki þær tölur fyrir Reykjavík sérstaklega, heldur einungis fyrir Höfuðborgarsvæðið í heild sinni. Tafla 1 sýnir næmni nettó útsvarstekna fyrir 1%-stigs hækkun á launavísitölu annars vegar og á vinnumagni hins vegar.

Tafla 1.

Næmni nettó útsvarstekna fyrir breytingum á launavísitölu og vinnumagni.

Næmni	Breyting	Áhrif (m.kr.)
Laun	1%-stig	558
Vinnumagn	1%-stig	562

Tafla 2. sýnir forsendur fjárhagsáætlunar fyrir launavísitölu og vinnumagn. Forsendurnar eru byggðar á þjóðhagsspá Hagstofunnar frá 31. maí sl.


Tafla 2.

Forsendur fjárhagsáætlunar fyrir launavísitölu og vinnumagn.

Forsenda	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Launavísitala	6,7%	6,5%	5,9%	4,6%	4,3%	4,2%
Vinnumagn	2,0%	1,0%	0,7%	0,7%	0,7%	0,7%

Mynd 2. sýnir samanburð á útsvarstekjum á áætlunartímabilinu á breytilegu verðlagi út frá

forsendum áætlunarinnar annars vegar og sviðsmynd sem gerir ráð fyrir að áætlunin ofmeti árlegan vöxt launavísitölu og vinnumagns um 0,5 prósentustig hins vegar. Vinstri ásinn sýnir nettó áætlaðar útsvarstekjur á ári og hægri ásinn sýnir uppsafnaða ofáætlun útsvarstekna m.v. sviðsmyndina.



Mynd 2. Samanburður á útsvarstekjum m.v. forsendur áætlunar og forsendur neikvæðrar sviðsmyndar.

Mynd 2. sýnir að gangi forsendur sviðsmyndarinnar eftir er samanlögð ofáætlun útsvarstekna á tímabili áætlunarinnar m.v. breytilegt verðlag um 13,4 milljarðar.

Dagur B. Eggertsson